

Fundur 23.3.2026 Þorsteinn Guðjónsson

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Komið þið öll heil og sæl, nokkuð er síðan ég hef komið í sambandið og vona ég að mér fylgi orka og magnan sem fyrr.

Og þið megið njóta góðs af sambandinu og tala ég úr stjórnusambandsstöð mikilli og vonum við ævinlega að samböndin megi efla og koma sem flestum að og höfum reynt að efla sem flesta miðla, en ekki hefur það gengið sem best.

*Liggur dýpra !*

Já, það er truflun margvísleg og gleðjumst yfir öllu því sem vel gengur og lífið gengur sinn vanagang á framlífs hnetti eins og á frumlífs hnetti og höfum við lengi stillt til þess sambands sem kom hér fyrst og bindum við vonir til þess að svipuð sambönd komi í gegn sem geta aðstoðað ykkur og efli læknavísindin og lífstefnu þróun í heild á jörðinni, en ekki er alltaf auðvelt að ná þeim árangri þegar annað hindrar.

En of langt er síðan ég hef komið í sambandið og þakka ég fyrir að hafa enn áhrif og hafa verið hér lengi að störfum og finnst mér það mikilvægt að hafa yfirumsjón með því ásamt öðrum að þeir sem veljast til starfa í stöð þessari séu ábyrgir og hafi þekkingu á málefnum, en nokkuð hefur borið á því að aðrar stefnur hafi fengið að ráða.

En hef ég haft mig lítið í frammi þar sem flóknari er samsetning okkar sem störfum hér en áður og vona ég að við náum aftur að koma jafnvægi á það og vil ég þó leggja áherslu á að ég hef lært að sýna meiri sveigjanleika, vinna með kristilegum hópum og spíritistum í ljósi þess að ýmislegt breytist í þeim eignum.

Og vona ég að þið finnið einnig jafnvægi í því og náði að byggja upp starfið ykkar megin með aukinni orku og innleiðingu fleiri sitjara með tímanum og skynja ég eitthvað nýtt fólk og fagna ég því hér í kvöld.

Og miðla þegar að því kemur, við höfum skynjað okkar megin truflanirnar jafn óðum, en ekki ráðið við þær.

Næ ég ekki að segja öll nöfnin sem ég ætlaði mér að segja um tíðindi af ættingjum ykkar, en það verður að bíða en kannski þeir komist í sambandið við tækifæri.

En móðir miðilsins hefur mætt hér á fundi og vona ég að það gleði hann og þurfti hún nokkurn tíma til að losna frá kristilegum áhrifum og eru ýmsar aðrar fréttir sem ég vildi bera ykkur, en er þó nærtækast að fjalla um mína fjölskyldu.

*Ekki er þetta Ingvar ?*

Nei ekki alveg Þorsteinn Guðjónsson.

*Já vertu velkominn blessaður.*

Já komið þið öll blessuð og sæl, er það nokkuð síðan ég hef kom í sambandið og já hefur Kristleifur stutt okkur og vil ég senda minni fjölskyldu kveðju, frændum og öðrum, en margt gott er af Eiríki að segja, hann heldur sínum erfiðleikum í skefjum með lyfjum og líforku lækningum og er hér í góðu starfi sem kennari, stærðfræði og öðru og er hann einnig að sinna rannsóknarstörfum þegar tími vinnst til og er hér kominn með unnustu og vona ég að úr því verði eitthvað meira.

Það eru vissulega mikil umskipti hjá Þórarni og Elsu, þeim, en fjölmargt nýtt gott hefur einnig gerst fyrir þau, reynum við að senda Þorsteini orku og aðstoð á allan hátt og öðrum ættingjum og Steingerði og öðrum sem eru hjá ykkur.

Ætlaði hann að segja ykkur frá draumum merkilegum hann Sveinn Víkingur og vona ég að hann komist í sambandið, en það gerðist fyrir mig þegar stilli áhrifin voru óhagstæð fyrir nokkrum árum að tók sig upp gamall krankleiki, en er það allt komið í lag, en hef ég þurft að beita mér gegn ýmsum hér í starfinu og vona ég að þið takið Ómari vel ef hann kemst í sambandið, hann hefur reynt að taka sig á en

*Þannig að þið eruð búnir að taka hann inn í hópinn ?*

Já við erum að reyna að hjálpa honum við að komast á réttu brautina aftur. Hér er fjölmargt að fréttu, Haukur biður að heilsa og konan hans, skynjum við,

*Ég var að horfa á myndina af honum í dag, fallegu myndina af honum með pípuhattinn, ég hugsaði mikið til hans í dag.*

Já já, hann brosir og kemst vonandi í gegn sem fyrst, og þetta er góður fundur, magnaður fundur að komast hér í gegn og við skynjum að það er mikilvægt að koma ykkar ættingjum í gegn ef það er hægt, en við getum ekki verið viss um árangur en það eru meiri líku ef þið getið haldið fundi oft.

Hvað varðar að fjölga miðlum, höfum við einnig reynt að hjálpa til og senda þeim orku til að opna fyrir þeirra hæfileika, en það er ýmislegt sem hindrar eins og áður.

*Þorsteinn !*

Hef ég hér farið í fjallgöngur með Ingvari og Sveini, hvað segir þú ?

*Ég ætlaði að segja við þig Þorsteinn að þið eigið bara að einbeita ykkur að því að opna mig Þorlák Pétursson, takk fyrir.*

Já þú ert farinn að skynja eitthvað í þá veru ?

*Já já, það vantar herslu muninn.*

Já ég skil, þetta eru mjög góðar fréttir, það myndi miklu breyta og þú ert kannski farinn að skynja konuna og aðra nákomna meira ?

*Ég hef séð hana svona stöku sinum bregða fyrir uppi í rúmi hjá mér hana Ingu, en það hefur verið mjög stutt.*

En ég hef það nú frá Sveini og ýmsum gömlum miðlum hérna hjá okkur að ef þú ætlar að reyna að stíga þetta skref til fulls, þá þarf að halda æfingafundi og helst með sem flestum þjálfuðum miðlum sem magna og styrkja, þá þarft þú að einbeita þér að ná sambandi við einhvern einn aðila, hvort sem það er nákominn eða ekki og reyna að brjóta þannig ísinn og hleypa talinu í gegn og það er mislangt sem það varir í fyrstu, en það yrði mikil breyting og þið þurfið að skipuleggja þetta vel og halda marga æfingafundi ef þarf, en gleður mig mjög að heyra þetta, hér er bæði vilji og hæfileiki fyrir hendi og við höfum heyrt það að það séu ekki sömu hömlur hjá þér og hæfileikar eru til staðar já.

*En þú varst að tala um að þið fóruð í fjallgöngu.*

Já ég, við, það gerðist bara um síðustu helgi og við skynjuðum, við fengum svolítið samband með aðstoð Sveins og það var mjög ánægjuleg stund og segja má við höfum fengið aukalega birtu um miðdaginn þegar nestið var borðað og það var nú ekki stór hópurinn, en já það er náttúrefugurð og gleður mikið.

Já það var ýmislegt sem ég vildi koma inn á en ég læt þetta nægja að sinni og ég sendi aftur kveðju til minna ættingja og höldum áfram með samböndin, ég veit ekki nákvæmlega hver kemur næst, en við vonum að það gangi vel.

Verið þið sælir og þakka fyrir.

*Þakka þér fyrir og vertu blessaður.*